

RITSTJÓRNARPISTILL

Velkomin í fyrsta tölublað Atferlis, tímarits Samtaka áhugafólks um atferlisgreiningu á Íslandi (SATÍS). Nú eru rúm tvö ár síðan hafist var handa við undirbúning tímarits um atferlisgreiningu á Íslandi. Tímaritinu er ætlað að vera vettvangur atferlisgreiningu á íslensku, hvort heldur sem er hagnýta, fræðilega úttekt, sögulega yfirsýn eða rökræður um hugtök. Nú þegar er mikil breidd í rannsóknum íslendinga sem stunda atferlisgreiningu, hvort heldur sem er á Íslandi eða erlendis. Íslendingar sem stunda atferlisgreiningu fást við til dæmis lífeðlisfræðilegan grunn skilyrðinga og flókinnar áreitisjöfnunar, kennslutækni byggða á lögmálum atferlis, hegðunarvanda í skólum, öryggi á vinnustöðum, stjórnun, vinnu með fólki með þroskahamlanir og svo mætti lengi telja. Atferli er ætlað að vera tímarit fyrir þetta fólk til að birta rannsóknir sínar og vangaveltur, skapa umræðu meðal þeirra, fræðast um hvað þeir íslendingar sem stunda atferlisgreiningu eru að gera. Atferli er líka tímarit fyrir nemendur og aðra sem áhuga hafa á atferlisgreiningu til að fylgjast með því sem um er að vera í heimi atferlisgreiningar.

Hingað til hefur ekki verið um auðugan garð að gresja þegar kemur að birtingu rannsóknargreina í atferlisgreiningu á íslensku. Árið 2004 stóðu fjórir nemendur í BA námi í sálfræði við Háskóla Íslands fyrir ráðstefnu í tilefni af aldarafmæli B.F. Skinners. Fyrirlestrararnir sem haldnir voru á þessari ráðstefnu voru síðar birtir í ritinu „Hvar er hún nú? Arfleifð atferlisstefnunnar á 21. öld” snemmsumars 2005 er eina íslenska ritið sem eingöngu var helgað fræðum Skinners og atferlisgreiningu.

Atferli á að vera lifandi blað og þess vegna höfum við kosið að hafa útgáfuna opna á netinu. Útgáfutímabil hvers tölublaðs mun verða frá byrjun nóvember ár hvert til loka október. Greinar sem berast ritstjórn og eru hæfar til birtingar munu verða settar á vefsíðu Atferlis um leið og ritrýnisferli lýkur. Með þessu móti gefst öðrum höfundum tækifæri til að svara greinum, koma með ábendingar eða viðbætur í sama tölublað og upprunalega greinin birtist í. Ritstjórn vill einnig hvetja alla sem stunda atferlisgreiningu til að senda inn pistla um hugtök og þýðingar og rökræða þau á síðum tímaritsins. Slíkir pistlar munu birtast undir heitinu „Um hugtök”. Kennarar í atferlisgreiningu ættu einnig að hafa augun opin fyrir góðum rannsóknum nemenda sinna og hvetja þá til að senda inn rannsóknargreinar. Rannsakendur, hvort heldur sem er nemendur eða aðrir, geta einnig sent inn styttri pistla og skýrt frá rannsóknum sem í gangi eru eða sem verið er að undirbúa. Slíkir styttri pistlar munu birtast undir heitinu „Lifandi rannsóknir”.

Stefnt er á að birta á vormánuðum í sérhefti þau erindi sem haldin voru á afmælishátíð SATÍS þann 6. nóvember. Er það stefna ritstjórnar að gefa út sérhefti á vorin ár hvert þar sem litið er sérstaklega á tiltekið undirfag atferlisgreiningar. Getur þá verið um að ræða heimspeki og grunnrannsóknir, kennslutækni, hegðunarstjórn á vinnustað og svo mætti lengi telja.

Jón Grétar Sigurjónsson
National University of Ireland, Galway

Valdimar Sigurðsson
Háskólanum í Reykjavík
Zuïlma Gabríela Sigurðardóttir
Háskóla Íslands